



Reykjavík, nóvember 2015

Bæjarskrifstofur Ísafjarðarkaupstaðar,
b.t. félagsmálastjóra,
Stjórnsýsluhúsinu,
400 Ísafirði

Umsókn um rekstrarstyrk til Kvennaathvarfsins fyrir árið 2016

Kvennaathvarfið óskar eftir rekstrarstyrk fyrir komandi starfsár að fjárhæð **kr. 350.000,-** Styrkir frá sveitafélögum hafa hjálpað mikið við að aðstoða konur og börn sem sækja hingað í skjól, ráðgjöf eða aðra þjónustu.

Kvennaathvarfið er sem fyrr skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Hér er einnig boðið uppá viðtöl þar sem konur sem beittar hafa verið ofbeldi á heimilum er veittur stuðningur og ráðgjöf án þess að til dvalar komi. Kvennaathvarfið er líka neyðarathvarf fyrir konur sem grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals.

Hér er líka veitt símaráðgjöf allan sólarhringinn og boðið uppá sjálfshjálparhópa þar sem nokkrar konur hittast reglulega undir handleiðslu starfskonu Kvennaathvarfsins. Ennfremur er staðið fyrir öflugum forvarnarstarfi og fræðslu um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis m.a. fyrir skólafólk, fagfólk, félagasamtök sem og fyrir ættingja og aðra ástvini kvenna og barna sem hingað hafa leitað.

Til að geta haldið áfram að styðja vel við bakið á þeim sem hér fá þjónustu leitum við til ykkar og vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum.

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2016. Ársskýrsluna er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins (kvennaathvarf.is)

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum er undirrituð reiðubúin að veita þær.

Með góðri kveðju,

F.h. Samtaka um kvennaathvarf,
Margrét Marteinsdóttir, rekstrarstýra

Samtök um kvennaathvarf

Fjárhagsáætlun fyrir 2016

Gjöld:

1. Launakostnaður

Laun, stjórnarlaun, launatengd gjöld	76.000.000
--------------------------------------	------------

2. Almenn rekstrargjöld

Rekstur athvarfs og skrifstofu	9.500.000	
Ráðstefnu- og menntunarkostnaður	2.000.000	
Rekstur fasteignar/endurbætur	2.200.000	
Samtals:		13.700.000

Gjöld samtals: 89.700.000

Tekjur:

1. Ríki og sveitarfélög

Félagsmálaráðuneyti	68.100.000	
Reykjavíkurborg	12.500.000	
Önnur sveitarfélög	3.000.000	
Samtals:		83.600.000

2. Aðrar tekjur:

Áætluð árgjöld	250.000	
Áætluð árgjöld	600.000	
Aðrar tekjur	6.000.000	
Samtals		6.850.000

Tekjur samtals: 90.450.000

Mismunur 750.000